



ÍSLAND OG STAFRÆN UMBREYTING

HVATNING TIL STJÓRNVALDA TIL STEFNUMÓTUNAR OG AÐGERÐA Í STAFRÆNUM MÁLUM

Tillögur SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu
Jón Ólafur Halldórsson, formaður

Hvatning til stjórnvalda til stefnumótunar og aðgerða í stafrænum málum

19. febrúar 2020

SVP - Samtök verslunar og þjónustu hvetja stjórnvöld til að:

1. Koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda, atvinnulífs og háskólasamfélags um stafræna þróun,
2. nýta samstarfsvettvanginn til að móta heildstæða stafræna stefnu fyrir íslenskt samfélag og íslenskt atvinnulíf,
3. nýta samstarfsvettvanginn til að tryggja yfirsýn og samræma aðgerðir stjórnvalda í því skyni að stuðla að stafrænni framþróun,
4. nýta samstarfsvettvanginn til að kanna forsendur fyrir stofnun stafræns þekkingarseturs stjórnvalda og atvinnulífs sem einnig gæti hýst miðstöð íslenskra netviðskipta,
5. tryggja að skattalegur stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki nái til verkefna sem snúa að stafrænni þróun í íslensku atvinnulífi, og
6. vinna og leggja fram menntastefnu sem hafi þann tilgang að efla stafræna færni á öllum skólastigum.

Greinargerð

Stafræn þróun er líklega stærsta umbreytingaverkefni sem íslenskt atvinnulíf stendur frammi fyrir. Um leið og ör tækniþróun skapar gríðarleg tækifæri leiðir hún til kapphlaups sem fyrirtæki einfaldlega verða að taka þátt í. Tækniþróun hefur í för með sér hraðar og óumflýjanlegar breytingar á fjölmörgum rekstrarþáttum fyrirtækja, í öllum greinum, þar sem samkeppni takmarkast nú í fæstum tilvikum við landamæri. Vísbendingar gefa til kynna að íslensk fyrirtæki séu að dragast aftur úr þeim þjóðum sem við berum okkur almennt saman við þegar kemur að hagnýtingu stafrænnar tækni.¹ Að mati SVP er veruleg þörf á skjótum, öflugum og markvissum aðgerðum til að efla

¹ M.a. Microsoft og Capacent, Stafræn umskipti. Hver er staða Íslenskra fyrirtækja 2018?:

<https://capacent.com/wp-content/uploads/2018/11/Stafræn-umskipti-skyrsla-fyrir-Island-2018.pdf>

Eurostat, Enterprises adopting technologies for e-business, 2014 and 2017:

[https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=File:Enterprises_adopting_technologies_for_e-business,_2014_and_2017_\(%25_enterprises\).png&oldid=396050](https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=File:Enterprises_adopting_technologies_for_e-business,_2014_and_2017_(%25_enterprises).png&oldid=396050)

stafræna færni í íslensku atvinnulífi og samfélagi í heild, eigi Ísland að komast hjá því að dragast aftur úr helstu samanburðarríkjum og standa höllum fæti í alþjóðlegri samkeppni.

Gífurlegar breytingar hafa átt stað og munu áfram eiga sér stað í verslun og þjónustu með tilkomu stafrænnar tækni.² Fyrir tilstuðlan veraldarvefsins kaupa íslenskir neytendur og fyrirtæki sífellt meira vörur og þjónustu erlendis frá. Samhliða aukast kröfur þeirra um einfalda og hraðvirka þjónustu. Viðskiptaumhverfi neytenda er í auknum mæli alþjóðlegt og möguleikar íslenskra neytenda til að leita bestu kjara hverju sinni hafa aldrei verið meiri.³ Alþjóðlegir verslunarrisar á borð við Amazon, AliExpress, Asos o.fl. hafa í því ljósi nær takmarkalausan aðgang að íslensku verslunarsvæði án þess að setja nokkru sinni upp starfsstöð á landinu eða gefa markaðnum í raun mikinn gaum út af fyrir sig. Alþjóðleg stórfyrirtæki njóta ekki einvörðungu mikillar stærðarhagkvæmni í rekstri heldur leiða þau þróun viðskiptahátta á netinu og setja því þau viðmið sem önnur fyrirtæki þurfa að takast á við. Á það ekki síst við þegar að tækniþróun og hagnýtingu stafrænnar tækni kemur. Fyrirtæki sem teljast stór á íslenskan mælikvarða eiga erfitt með að keppa við slíka rísa og hvað þá lítil og meðalstór fyrirtæki. Birtingarmynd netvæðingar er m.a. sú að lítil íslensk verslunarfyrirtæki standa í harðri samkeppni við verslunarrisa sem hafa yfir að búa starfsmannafjölda sem nemur næstum tvöföldum fjölda íbúa á Íslandi og starfsfólki sem býr yfir bestu mögulegu tækniþekkingu og þekkingu á neytendahegðun. En í stafrænni tækni felast einnig umtalsverð tækifæri sem Íslendingar mega ekki láta fram hjá sér fara og skapar tækifæri til að sækja á erlenda markaði.

Þjónusta er einnig í auknum mæli stafræn hvort sem litið er til móttöku þjónustubeiðna eða veitingar þjónustunnar sjálfar. Fyrir vikið verður þjónustan ekki aðeins skilvirkari og betri heldur verður sífellt auðveldara að veita þjónustu yfir landamæri. Undir slíkum kringumstæðum ógnar erlend samkeppni innlendum þjónustuveitendum en skapar þeim jafnframt tækifæri til að auka útflutning íslenskrar þjónustu og þekkingar.

Til að geta sem best nýtt tæknina sér í hag þurfa fyrirtæki að hafa yfir að búa bæði starfsfólki og stjórnendum með stafræna þekkingu og færni. Það er almennt mat þeirra sem við höfum rætt við í atvinnulífinu að sú þekking og færni sé enn sem komið er af skornum skammti á íslenskum markaði. Framboð á menntun á þessu sviði er lítil, og menntakerfið hefur ekki brugðist jafn hratt við breyttum aðstæðum og framtíðarhorfum og æskilegt væri. Ekki er fyrirsjáanlegt að menntaþróunin verði nógu hröð nema gripið verði til róttækra aðgerða.

Að mati SVÞ verða þau tækifæri sem fylgt geta raunverulegri þátttöku í stafrænni þróun ekki nýtt nema til staðar sé framúrskarandi hæfni til hagnýtingar stafrænnar tækni og vilji til að nýta hana til hins ítrasta.

Ljóst er af skýrslu forsætisráðuneytisins um fjórðu iðnbyltinguna⁴ að fyrirsjáanlegar eru gífurlegar breytingar í íslensku atvinnulífi og á vinnumarkaði vegna tækniþróunar. Nýútgefin nýsköpunarstefna atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins⁵ gefur einnig til kynna að stjórnvöld geri sér grein fyrir

² Íslensk netverslun – áhrif stafrænnar tækni og alþjóðlegrar samkeppni 2018: <https://svth.is/wp-content/uploads/2019/06/Netverslun-2018.pdf>

³ Íslensk netverslun – áhrif stafrænnar tækni og alþjóðlegrar samkeppni 2018: <https://svth.is/wp-content/uploads/2019/06/Netverslun-2018.pdf>

⁴ Ísland og fjórða iðnbyltingin, Forsætisráðuneytið, febrúar 2019: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=03be6340-3bfc-11e9-9436-005056bc4d74>

⁵ Nýsköpunarlandið Ísland, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, október 2019: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ae8c7637-eb68-11e9-944d-005056bc4d74>

mikilvægi tækniþróunar og nýsköpunar fyrir íslenskt atvinnulíf og samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðavísu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að lögð verði áhersla á að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífelldum örrari tæknibreytingum. Við gerð stefnunnar hefur ríkisstjórnin gert sér grein fyrir þeim áskorunum sem því fylgja, enda er tekið fram að slíkum tækifærum muni fylgja nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að til staðar sé umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum, þ.m.t. hjá hinu opinbera og í rótgrónum geirum.⁶ Verkefnastofan *Stafrænt Ísland*, ráðning í nýja stöðu stafræns leiðtoga innan Stjórnarráðsins, áhersla Ferðamálastofu á stafræna þróun í íslenskri ferðaþjónustu⁷ og *Digital Tourism in the Nordics*, eitt formennskuverkefna Norrænu ráðherranefndarinnar⁸, bera þess einnig vitni að stjórnvöld geri sér grein fyrir mikilvægi stafrænnar þróunar. Færa má rök fyrir því að ekki sé síður mikilvægt að styðja við íslenska verslun og þjónustu á sambærilegan hátt enda starfa íslensk fyrirtæki á alþjóðlegum markaði í harðri samkeppni við erlend, jafnvel þau sem kjósa að takmarka þjónustu sína við innlendan markað. Hingað til hafa stjórnvöld ekki mótað stefnu í stafrænum málum fyrir íslenskt atvinnulíf í heild sinni.

Þegar við horfum til Norðurlandanna og meginlands Evrópu sjáum við að þau lönd sem við miðum okkur gjarnan saman við hafa þegar mótað sér heildstæða stefnu sem taka á öllum helstu þáttum er varða stafræna þróun.⁹ Um umfangsmiklar breytingar er að ræða er varða þætti allt frá aðgengi einstaklinga að internetinu, kunnáttu á nýjum samskiptaleiðum í gegnum samfélagsmiðla, aukið aðgengi að upplýsingum, netöryggi, rafræn umsóknarferli og um leið gagnsærri stjórnsýslu svo fátt eitt sé nefnt. Það er ljóst að stjórnvöldum í nágrennaríkjum okkar þykir vert að tryggja öllum sama aðgengi að nýtingu þess stafræna heims sem við nú búum í, í því skyni að tryggja öllum sömu tækifæri. Stefnumótun þessara þjóða tekur ekki síst til aðgerða til að styðja við stafræna færni og þróun í atvinnulífinu.

Í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um ýmis atriði sem snúa beinlínis að tæknilæsi, -menntun og nýtingu tækni, s.s. að aukningu á hagnýtri kunnáttu á sviði tækni, aukningu á framleiðni í atvinnulífinu og endurbótum tæknigetu atvinnugreina auk þess sem stafræn tækni getur stutt við framgang fjölmargra annarra markmiða.¹⁰

Í ljósi ofangreinds hafa SVÞ tekið saman tillögur að aðgerðum sem stutt geta íslenskt atvinnulíf til að geta sem best nýtt stafræna þróun sér til framdráttar og aukinnar samkeppnishæfni. Tillögurnar byggja á því sem mörg af þeim löndum sem við helst berum okkur saman við hafa verið að gera í þessum málum. Einkum er horft til stefnumótunar Dana sem eru hentug fyrirmynd fyrir Ísland vegna stærðar markaðarins og aðstæðna.

⁶ Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis, 2017: <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlýsing/>

⁷ Stafræn væðing ferðaþjónustu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/stafræn-vaeding-ferdathjonustu>

⁸ Skv. upplýsingum frá Ingu Rós Antoníusdóttur, sem leiða mun verkefnið.

⁹ Sjá lista yfir stafrænar stefnur hinna ýmsu landa aftast í skjalinu.

¹⁰ Heimsmarkmiðin.is: <https://www.heimsmarkmidin.is/>

Stutt yfirlit yfir helstu aðgerðir í stafrænum málum til fyrirmyndar fyrir Ísland

Samstarfsráð atvinnulífs, háskólasamfélagsins og hins opinbera

Disruption-ráðet¹¹ í Danmörku, samstarfsvettvangur atvinnulífs, háskólasamfélags og ráðuneyta, fjallar um hvernig viðhalda má sterkum vinnumarkaði á tímum mikilla umbreytinga á störfum vegna stafrænnar þróunar. Ráðið tók þátt í stafrænni stefnumótun fyrir Danmörku og er ríkisstjórninni til áframhaldandi ráðgjafar í málaflökknum.

Svíar reka Digitaliseringsráðet¹² sem hefur það hlutverk að samræma og tryggja áhrifaríka innleiðingu á stefnu stjórnvalda í stafrænu málum. Ráðið fylgist m.a. með stafrænni þróun víðsvegar um heim og leggur fram tillögur að og styður við ýmsar aðgerðir sem snúa að stafrænni þróun.

Digital Hub Denmark (DHD)¹³

DHD er sameiginlegur vettvangur hins opinbera, fyrirtækja, samtaka í atvinnulífinu, háskóla o.fl. en er í umsjá hins opinbera í Danmörku. Meðal hlutverka DHD er að tengja saman fyrirtæki, frumkvöðla og aðra aðila m.a. með stafrænum vettvangi, rekstri fræðslusíðu til að bæta þekkingu og færni í stafrænum málum og með bættu aðgengi að þekkingu og sérfræðingum í nýtingu stafrænnar tækni í viðskiptum.

SMV:Digital¹⁴

SMV:Digital styður við stafræna þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) í Danmörku í því skyni að auka framleiðni og samkeppnishæfni þeirra. SMV:Digital tryggir sanngjörn samkeppnisskilyrði, góða innviði og stuðlar að þekkingaröflun á sviði stafrænnar tækni. Þar er einnig miðstöð netviðskipta sem ætlað er að efla netviðskipti m.a. í samhengi við útflutningsstuðning sem þegar er til staðar. SMV:Digital styður einnig við fyrirtæki með rafrænu fræðsluefni, stjórnendafræðslu, með því að leiða saman fyrirtæki til þekkingaryfirfærslu, leiðsögn varðandi lög og reglugerðir, styrkjum til ráðgjafar o.fl.

Tillögur SVP

Samstarfsvettvangur um stafræna þróun

SVP leggja til að komið verði á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda, atvinnulífs og háskólasamfélags um stuðning við stafræna þróun íslenskra fyrirtækja. Meðal verkefna yrði að móta heildstæða stafræna stefnu fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf, tryggja yfirsýn og samræmingu aðgerða stjórnvalda sem tengjast stafrænum málum ásamt því hafa umsjón með stafrænu þekkingarsetri.

Stafrænt þekkingarsetur fyrir íslenskt atvinnulíf

SVP leggja til að komið verði upp stafrænu þekkingarsetri fyrir íslenskt atvinnulíf. Starfsemi þekkingarsetursins mundi óhjákvæmilega tengjast ýmsum verkefnum sem til munu koma vegna

¹¹ Disruptionráðet: <https://www.regeringen.dk/nyheder/disruptionraadet-afsluttet/>, Listi yfir meðlimi í ráðinu: <https://www.regeringen.dk/partnerskab/medlemmerne-af-disruptionraadet-partnerskab-for-danmarks-fremtid/>

¹² Svíþjóð: Digitaliseringsráðet: <https://digitaliseringsradet.se/>

¹³ Danmörk: Strategi for Danmarks digitale vækst: https://em.dk/media/11925/strategi-for-danmarks-digitale-vaekst_online.pdf

¹⁴ Danmörk: Strategi for Danmarks digitale vækst: https://em.dk/media/11925/strategi-for-danmarks-digitale-vaekst_online.pdf

nýútgefinnar nýsköpunarstefnu Íslands, enda mikil skörun í nýsköpun og stafrænni umbreytingu. Þá munu verkefni í kjölfar skýrslu forsætisráðuneytisins um fjórðu iðnbyltinguna jafnframt kalla á skilvirkan framkvæmdavettvang. Setrið yrði samstarfsverkefni atvinnulífs og stjórnvalda, sbr. Disruption-ráðet í Danmörku og Digitaliseringsráðet í Svíþjóð hér að ofan.

Setrið yrði að fyrirmynd Digital Hub Denmark og SMV:Digital og mundi starfsemi þess miða að því að efla stafræna þróun í íslensku atvinnulífi, mæta þörfum og áskorunum íslenskra fyrirtækja á tímum stafrænna umbreytinga og veita þeim fræðslu og ráðgjöf þegar kemur að nýtingu stafrænnar tækni til að bæta samkeppnishæfni.

Fjárhagslegur stuðningur við stafræna þróun fyrirtækja

Hið opinbera styðji fjárhagslega við stafræna þróun íslenskra fyrirtækja enda er um þjóðhagslegt samkeppnismál að ræða. Skattfrádráttur rannsókn- og þróunarverkefna verði útvíkkaður til að taka til stuðnings við stafræna þróun fyrirtækja.

Menntamál

Nauðsynlegt er að efla stafræna færni Íslendinga almennt. Allar þær stafrænu stefnur sem SVÞ hefur kynnt sér leggja mikla áherslu á að efla stafræna færni.¹⁵ Menntakerfið okkar gegnir þar lykilhlutverki en verulega vantar upp á að nægilega mikið sé að gert. Jafn aðgangur allra að stafrænu umhverfi er jafnréttismál og því mikilvægt að öll skólastig efla stafræna færni en ekki síður sí-og endurmenntun. Enn frekar verði þróaðir bæði einstakir áfangar auk námsbrauta fyrir framhaldsskóla. Ráðist verði í þróunarverkefni þar sem stafræn færni yrði innlimuð í allt nám á grunnskólastigi. Tæknilæsi og stafræn færni grunnskólakennara verði eflað með markvissum aðgerðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og starfsmenntasjóðir verði nýtt betur til að efla stafræna færni á vinnumarkaði.

¹⁵ Sjá lista yfir stafrænar stefnur hinna ýmsu landa aftast í skjalinu.

Dæmi um stafrænar stefnur

Hér má sjá dæmi um stafrænar stefnur frá mörgum af helstu löndum sem Ísland ber sig saman við.

Bretland

Department for Digital, Culture, Media & Sport and The Rt Hon Karen Bradley MP, Policy Paper UK Digital Strategy, 2017: <https://www.gov.uk/government/publications/uk-digital-strategy>

Danmörk

The Ministry of Industry, Business and Financial Affairs, Strategi for Danmarks digitale vækst, 2018: https://em.dk/media/11925/strategi-for-danmarks-digitale-vaekst_online.pdf,
EN: https://eng.em.dk/media/10566/digital-growth-strategy-report_uk_web-2.pdf

Finnland

Finnish Ministry of Finance, Digitalisation: <https://vm.fi/en/digitalisation>

Digital Finland Framework: <https://www.businessfinland.fi/496a6f/globalassets/julkaisut/digital-finland-framework.pdf>

Frakkland

Premier Ministre, Ambition Numérique - Pour une politique française et européenne de la transition numérique, 2015 https://www.entreprises.gouv.fr/files/files/directions_services/secteurs-professionnels/economie-numerique/CNNum--rapport-ambition-numerique.pdf

Holland

Government of the Netherlands, Digital Agenda for The Netherlands, 2016: <https://www.government.nl/documents/reports/2017/04/11/digital-agenda-for-the-netherlands-innovation-trust-acceleration>

Írland

Department of Communications, Energy and Natural Resources, Doing more with Digital – National Digital Strategy for Ireland, 2013: <https://www.dccae.gov.ie/en-ie/communications/publications/Documents/63/National%20Digital%20Strategy%20July%202013%20compressed.pdf> - er í endurskoðun (sjá <https://www.dccae.gov.ie/en-ie/communications/topics/Digital-Strategy/Pages/default.aspx>)

Noregur

Ministry of Trade and Fisheries, Digital21: <https://digital21.no/> og Digitale grep for norsk verdiskaping, 2018: https://digital21.no/wp-content/uploads/2018/09/Digital21_strategi_2018.pdf

Svíþjóð

Ministry of Enterprise and Innovation, For sustainable digital transformation in Sweden – a Digital Strategy, 2017: https://www.government.se/49c292/contentassets/117aec2b9bf44d758564506c2d99e825/2017_digitaliseringsstrategin_faktablad_eng_webb-2.pdf

Regeringskansliet, För ett hållbart digitaliserat Sverige – en digitaliseringsstrategi:

https://www.regeringen.se/49adea/contentassets/5429e024be6847fc907b786ab954228f/digitaliseringsstrategin_slutlig_170518-2.pdf

Þýskaland

Federal Ministry for Economic Affairs and Energy, Digital Strategy 2025, 2018:

https://www.de.digital/DIGITAL/Redaktion/EN/Publikation/digital-strategy-2025.pdf?_blob=publicationFile&v=9